

## Leiðbeiningar um val í INNU

### Námsval

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námi í bóklegum og verklegum greinum er skipt niður í áfanga. Áfangar gefa einingar eftir því hve viðamiklir þeir eru. Námslok við skólann miðast við að nemendur hafi lokið tilskildum áföngum og einingafjölda eins og tilgreint er í brautarlýsingum skólanámskrár. Nemandinn ber ábyrgð á eigin námsframvindu samkvæmt brautarlýsingu.

Nemandi sem fallið hefur í áfanga/áföngum eða sagt sig úr áfanga/áföngum getur ekki vænst þess að fá að velja einum áfanga fleiri en hann stóðst á fyrri önn. Nemendur sem skráðir eru í umsjónartíma fá aðstoð frá viðkomandi umsjónarkennara.

Með vali staðfestir þú umsókn um skólavist á næstu önn. Ef þú gengur ekki frá vali er lítið svo á að þú ætlir ekki að stunda nám við skólann á næstu önn.

### Brautarskipti

Nemendur sem óska eftir að skipta um braut á næstu önn gera það á Innu undir brautarskipti. Brautarskipti þurfa að berast þegar val stendur yfir. Stjórnendur afgreiðir brautarskipti og velja og staðfesta áfanga fyrir næstu önn. Athugið að ástundun, námsframvinda og skólasókn hefur áhrif á samþykki um brautarskipti. Komi upp vandi eða spurningar varðandi ferlið skal senda tölvupóst á aðstoðarskólameistara ([thelma@fiv.is](mailto:thelma@fiv.is)).

### Hvað á að velja?

Þegar í INNU er komið, ferðu inn á „Námið“ efst til hægri og velur þar „Námsferill – braut“. Þá sérðu brautarkröfuna og hvaða áföngum þú hefur lokið og hvaða áfanga þú átt eftir að ljúka.

Hluti bóknámsbrauta er frjálst val (40-45 einingar) og er mikilvægt að dreifa valinu jafnt yfir annirnar. Á heimasíðu skólans er listi yfir alla [áfanga í boði](#) á næstu önn og tengill á áfangalýsingu þeirra.

Í aðalval skaltu velja að hámarki 6 áfanga auk íþrótta. Í varaval skaltu velja 1 áfanga. Að jafnaði skal nemandi sem er í fullu námi sækja 33 einingar á önn. Ef þú ert á bóknámsbraut þarftu að hafa í huga að af heildarfjölda eininga, sem er 200, mega einingar á 1. þrepi ekki fara upp fyrir 66 og einingar á 3. þrepi ekki vera færri 34.

### Hvernig á að velja?

- Smelltu á VAL (í listanum til hægri) á forsíðunni þinni á INNU
- Veldu önn (t.d. 20262)
- Veldu áfanga úr lista með því að smella á áfangaheitið. Þá færist áfanginn yfir í aðalval.
- Skipt er á milli aðalvals og varavals með því að draga á milli kassa (drag and drop).
- Til að fá nánari upplýsingar um valinn áfanga, er bendli rennt yfir hann.
- Til að eyða áfanga er smellt á x

Þegar allir áfangar hafa verið valdir, skal smellt á „**Vista val**“ og síðan „**Staðfesta val**“. Sé val ekki vistað þá er möguleiki á að það festist ekki inni þegar INNU er lokað.

Þurfir þú frekari aðstoð með valið hefur þú samband við Ingibjörgu ráðgjafa með því að senda henni tölvupóst ([ingibjorg@fiv.is](mailto:ingibjorg@fiv.is)).

Gangi þér vell!